



Ráðstefna slökkviliðsstjóra 2009 á Hótel KEA
Erindi 26. mars 2008

Tveir nýlegir Hæstaréttardómar er varða starfsemi slökkviliða

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir, lögfræðingur



• **Hæstaréttardómur nr. 296/2008**

Brunavarnir Suðurnesja
gegn V, K og R

• **Hæstaréttardómur nr. 426/2007**

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
gegn
Hringrás hf.



- **Hringrásarmál:**

Krafa SH um skaðabætur úr hendi Hringrásar vegna tjóns í tengslum við slökkvistarf á lóð Hringrásar

- **Skaðabótamál vegna andláts slökkviliðsmanns**

Krafa eiginkonu og barna G um bætur úr hendi Brunavarna Suðurnesja, vegna andláts G, sem var aðalvarðstjóri hjá BS



Sakarreglan

Skilgreining: „Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann veldur með sagnæmum og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing hegðunar hans og raskar hagsmunum sem verndaðir eru af skaðabótareglum. Það er og skilyrði að huglægar afsökunarástæður á borð við æsku eða skortur á andlegri heilbrigði eigi ekki við um tjónvald .”



Hringrásardómur

Málavextir:

Stórbruni hjá Hringrás (H), m.a. í dekkjum á lóð.

SH réðst í sértækar slökkviaðgerðir á lóð H með aðstoð E.T.

E.T. synjað um greiðslu bóta vegna kostnaðar og tjóns úr trygg.félagi H þar sem dekkjahlúgan var ótryggð. SH greiddi kostnað E.T. og krafðist endurgreiðslu úr hendi H.



21. gr. Laga um Brunavarnir, nr. 75/2000

1. mgr. Sé eldur laus eða hafi mengunaróhapp orðið á landi eða bráð hætta er á að slíkt atvik verði skal sá er þess verður vís leitast við að bjarga fólki frá bráðri lífshættu og vara þá við sem nærstaddir eru. Geti hann það ekki skal hann tafarlaust kveðja til slökkvilið eða aðra tiltæka hjálp.

2. mgr. Þegar eldsvoða ber að höndum er hverjum manni skylt að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds.

Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf þegar eldsvoða ber að höndum.

3. mgr. Fjártjón sem hlýst af ráðstöfunum skv. 2. mgr. telst brunatjón og skal bætt af viðkomandi váttryggingafélagi sé eign brunatryggð.

Sveitarstjórn greiðir kostnað sem kann að koma til vegna nauðsynlegra aðgerða við framkvæmd slökkvistarfs og ekki er greiddur af váttryggingafélagi.



Héraðsdómur:

- Ótvírætt að allar ákvarðanir og heimildir til slökkvistarfs voru innan gildissviðs laga nr. 75/2000.
- Niðurstaða um greiðslu kostnaðar E.T. byggir ekki á sök á bruna (þ.e. sakarreglunni).
- Þar sem SH ákvað að nota tæki og mannafla E.T á grundvelli 21. gr. eru það sveitarfélögin sem bera kostnaðinn af slökkvistarfinu. Kostnaður E.T. í beinum tengslum við brunann og telst brunatjón, sbr. 2. mgr. 21. gr.
- Ekki verður fjallað um að hvaða marki endurkrafa sveitarfélaganna hefði komið til álita – málið ekki lagt þannig upp.

Niðurstaða: Hringrás hf. sýknuð af kröfum
Slökkvil. höfuðb.sv.



Hæstiréttur:

- E.T. eignaðist kröfu á hendur SH vegna endurgjalds fyrir veitta þjónustu við slökkvistarf og lagfæringar á athafnasvæði sínu, sbr. 21. gr. – sú krafa er greidd.
- Engum stoðum rennt undir þá staðhæfingu að H hafi valdið E.T. tjóni og og að E.T. hafi eignast skaðabótakröfu á hendur H – sem SH hafi fengið framselda.

**Hrd: „Er þá ekki tekin afstaða til þess hvort áfrýjandi gæti á grundvelli sakarreglunnar átt kröfu á hendur stefnda á þeim forsendum að hann hafi brotið reglur um starfsleyfis-skylda starfsemi og með því bakað áfrýjanda útgjöld svo að skaðabótaskyldu varði.”*

Niðurstaða: Héraðsdómur skal vera óraskaður.



Dómur Brunavarna Suðurnesja frá 2009

Málavextir: G, sem starfaði sem aðalvarðstjóri hjá slökkviliði B.Su. lést 22. september 2005 eftir hlaup á þolbretti í líkamsræktarstöð. Var dánarorsökin ósæðarrof við hjartað sem leiddi til innvortis blæðinga. Eiginkona G hans og börn hans kröfðu B.Su. um bætur. Hafði G þjáðst af of háum blóðþrýstingi og verið ráðlagt af trúnlækni B.Su. að taka lyf við því og leita til hjartalæknis. Hafði B.Su. verið gerð grein fyrir þessu. Hafði G hins vegar ekki fylgt ráðleggingum lækna.

Krafan var reist á:

1. Aðallega – B.Su. bæri sök á andláti G
2. Til vara – um slys hafi verið að ræða sem B.Su. hafi borið að tryggja G fyrir.



Reglugerð um reykköfun nr. 354/1984

3. mgr. 6. gr.

Þátttakendur í reykköfunarnámskeiðum á vegum Brunamálastofnunar skulu (..) m.a. leggja fram læknisvottorð um heilbrigði sitt og færni.

7. gr.

Reykkafari skal fara árlega í sérstaka læknisskoðun. Skírteini um starfsréttindi í reykköfun skal endurnýja eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Þá skal leggja fram tilskilin vottorð um heilbrigði og færni, ásamt vottorði slökkviliðsstjóra að æfingarskyldu hafi verið fullnægt.

8. gr.

Verklegar æfingar í reykköfun hjá slökkviliðum skulu vera minnst 25. klst. á ári.

Reglugerð um réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001

Samkvæmt 8. gr. skulu þeir sem ráðnir eru til starfa sem slökkviliðsmenn uppfylla ákveðin skilyrði um heilbrigði, m.a. hafa góða líkamsburði, og vera andlega og líkamlega heilbrigðir og hafa góða sjón og heyrn (1. tölul. 8. gr.)



Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980

65. gr. a.

1. mgr. Atvinnurekandi ber ábyrgð á því að gert sé sérstakt áhættumat þar sem metin er áhætta í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna.
2. mgr. Þegar áhættumat á vinnustað gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hættu búin, skal atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættuna eða, þar sem þess sé ekki kostur, að draga úr henni eins og frekar er unnt.

66. gr.

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé áætlun um heilsuvernd sem byggð sé á áhættumati. Markmið slíkrar heilsuverndar skal m.a. vera að stuðla að því að vinnu sé hagað þannig að starfsmenn fái verkefni við hæfi.



18. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000

Slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra skulu tryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi í samræmi við áhættu starfsins. Lágmarkstrygging þeirra skal vera í samræmi við skilmála um slysatryggingar starfsmanna sveitarfélaga samkvæmt kjarasamningum. Þeir sem verða fyrir tjóni við störf samkvæmt lögum þessum eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af váttryggingafélagi. Náist ekki samkomulag um bætur skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

Umhverfisráðuneytið



Héraðsdómur:

- Líklegt að álag tengt vinnu hafi átt þátt í þróun þess sjúkd. sem leiddi til andlátsins - líkamleg áreynsla talin óæskileg af trúnaðarlækni.
- G stjórnaði aðgerðum á vettvangi við slökkvistarf.
- G varð að vera liðtækur og tilbúinn til að sinna almennum slökkviliðsstörfum og reykköfun ef þurfti – þurfti því að stunda líkamsrækt og hafa gott þrek – líkamsrækt var í andstöðu við ráðleggingar trúnaðarlæknis.
- Skv. starfslýsingu þarf aðalvarðstjóri að hafa réttindi til reykköfunar. Skv. 8. gr. rgl. þarf að stunda 25 klst. reykköfun hvert ár.



Umhverfisráðuneytið

- G þurfti að sinna erfiðum sjúkraflutningaútköllum vegna fámennis.
- Forsvarsmenn B.su. létu óátalið að G færi á reykköfunarnámskeið þremur vikum fyrir andlátíð.
- B.su. Fylgdist með hjartasjúkdómum starfsm. og hafði því gert áætlun um heilsuvernd skv. 1. mgr. 65. gr. 1. 46/1980
 - bar skv. 2. mgr. að grípa til viðeig. ráðstafana til að koma í veg fyrir þá hættu sem G var bersýnilega búin.
- G sinnti ekki sem skyldi ráðleggingum lækna um meðferð og rannsóknir. Þá fór hann á erfitt reykköfunarnámskeið þrátt fyrir aðvörun trúnaðarlæknis.



Niðurstaða héraðs:

Brunav. Su. gerði ekki viðhlítandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón stefnanda og ber því skaðabótaábyrgð á tjóni hans. Brunav. Su. talin hafa átt að hluta sök, sök skipt til helminga.



Umhverfisráðuneytið

Hæstiréttur:

- G hafði frá 22 ára aldri verið m.a. ráðlagt að taka lyf gegn hækkuðum blóðþrýst.
- Eftir hjartaáreynslupróf 2004 ráðlögðu læknar G að leita til hjartasérfræðings og hefja lyfjameðferð. Var slökkv.1.stj. gert kunnugt um stöðuna á þeim tímapunkti.
- Við læknisskoðun 2005 hafði G ekki leitað til hjartalæknis eða hafið lyfjameðferð.
- Starf G fólst að mestu í umsýslu mannahalds, ekki erfiðri reykköfun eða öðrum líkamlega erfiðum störfum slökkviliðsmanna við erfiðar aðstæður. – ekki hrakið.
- Ekkert komið fram um að B.su. hafi haft ástæðu eða heimild til að flytja G í starfi.



Umhverfisráðuneytið

- Trúnaðarlæknir G taldi G vinnufæran – ráðlagði að forðast líkamlegt erfiði.
- G fært að forðast áreynslu í starfi sínu og gat hagað líkamsþjálfun eftir því.
- G sótti sjálfur um að fara á reykköfunarnámskeið og gat þar ráðið líkaml. áreynslu.
- Ekki tekin til greina málsástæða reist á skorti á áætlun um heilsuvernd og áhættumat skv. ákvæðum l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum – málsástæðu ekki getið í stefnu.
- Ekkert komið fram um að G hafi tekið þátt í reykköfun síðustu árin – ekki á valdi B.su að koma í veg fyrir að G tæki þátt í reykköfunaræfingu á námskeiðinu 2005



Umhverfisráðuneytið

Niðurstaða:

-Aðalkrafa (B. Su. bæri sök á andláti G)

Ekkert í ljós leitt um eiginleika starfs G eða vanrækslu B. Su. varðandi lyfjameðferð G eða líkamlega áreynslu, þannig að B. Su. verði talin eiga sök á andláti G.

-Varakrafa (slyss sem B. Su. bæri að tryggja G fyrir)

Dánarorsök rakin til sjúkdóms sem átti sér langan aðdraganda. Ekki rakið til slyss og krafan því ekki tekin til greina.

Niðurstaða: sýkna.